

Eystra-Geldingaholti 5. nóvember 2014.

Athugasemdir vegna tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141. 29 Hvammsvirkjun færirst úr biðflokk í orkunýtingarflokk.

Við höfum kynnt okkur tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141. Þar sem Hvammsvirkjun færirst úr biðflokk í orkunýtingarflokk.

Við mótmælum þeim gjörningi með þeim rökum sem hér fara á eftir.

Við höfum fylgst með framgangi þessa máls frá upphafi og gert athugasemdir á öllum stigum vegna óbætanlegra áhrifa Hvammsvirkjunar á náttúru og landslag. Að auki höfum við marg oft bent á að ekki hafa farið fram rannsóknir á áhrifum virkjana í Þjórsá í byggð, á nærsamfélag, sem er ófært. Hins vegar vitum við og höfum reynt, að hugmyndir, undirbúningur og umfjöllun um þessar virkjanir hefur nú um árabil spillt friði og samskiptum manna á milli í okkar sveit.

Athugasemdir vegna verklags

Nýrri verkefnisstjórn um vernd og orkunýtingu sem skipuð var 25. mars 2013 var falið að skoða þá þætti sem ollu því að virkjunarkostirnir þrír í neðri hluta Þjórsár voru færðir úr orkunýtingarflokki í biðflokk og átti einungis að kanna áhrif virkjana á laxfiska í Þjórsá. Strax í upphafi vinnu verkefnisstjórnar eru henni því sett afar þröng mörk sem slíta í sundur heildarsamhengi áhrifa vatnsaflsvirkjana á lífríki og vistkerfi á svæðinu.

Skipaður var sérstakur faghópur til að meta óvissu fyrirleggjandi upplýsinga um áhrif Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjana í Þjórsár á laxfiska í ánni. Í skipunarbréfi til faghópsins eru línurnar strax lagðar á hlutlægan hátt þar sem segir: „*Eina verkefni faghópsins felst í því að meta hvort fyrirleggjandi upplýsingar um áhrif virkjananna þriggja á laxfiska í Þjórsá hafi dregið nægjanlega mikið úr þeirri óvissu, sem leiddi til þess að virkjunarkostirnir voru færðir úr nýtingarflokki í biðflokk við endanlega afgreiðslu á tillögum verkefnisstjórnar 2. áfanga rammaáætlunar, til þess að unnt sé að raða einhverjum þeirra eða öllum í nýtingarflokk á nýjan leik*“ (leturbreytingar undirritaðra).

Af þessu orðalagi má ráða að faghópurinn ætti í raun að finna rök fyrir færslu virkjana í Þjórsá aftur í nýtingarflokk en ekki þann möguleika að færa þær í verndarflokk. Heldur er ekki beðið um að kannað verði hvort dregið hafi nægjanlega úr óvissu um áhrif virkjana á laxfiska.

Í geinargerð með þingsályktun segir: „*Til að undirbúa mat á þeim átta virkjunarkostum sem settir höfðu verið í sérstakan forgang með viðauka við erindisbréf for verkefnisstjórnin m.a. í vettvangsferð í*

byrjun júlí 2013 þar sem fulltrúar framkvæmdaraðila og Landsnets gerðu grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum.“

Það vekur undrun og elur á tortryggni og er í senn forkastanlegt að framkvæmdaaðila hafi verið gefinn kostur á að fara í ofangeinda ferð en ekki þau sem gæta annarra hagsmuna og hafa aðra framtíðarsýn og hefðu bent á aðra þætti sem verður að hafa í huga við stórar ákvarðanir.

Efnislegar athugasemdir vegna vinnu faghóps

Röksemdir faghópsins fyrir því að Hvammsvirkjun fari aftur í nýtingarflokk eru ekki sannfærandi. Gengið er út frá því að úrbreiðsla göngufiska í Þjórsá sé ekki náttúruleg fyrir ofan Búða vegna inngripa mannsins þ.e. vegna fiskistiga sem gerður var árið 1991. Því sé í raun ásættanlegt að skemma búsvæði fiska ofan fossins eða í það minnsta taka áhættu þar um. Þó beri að hafa í huga að svæðið ofan Búða sé áætlað vera „um 48% af útbreiðslu laxa í Þjórsárkerfinu og um 10% af framleiðsluvæði fyrir laxa“. Einnig kemur fram að laxastofninn í Þjórsá sé með þeim stærstu í landinu og laxastofnum sé víða ógnað. Seiðafleitur sem kynntar hafa verið sem mótvægisáðgerðir af framkvæmdaaðila, hafa aldrei verið reyndar við vatnsaflsvirkjanir á Íslandi áður. Hvort þær virka við þessar aðstæður er alveg óvíst. Við undrumst þau orð skýrsluhöfunda þar sem þeir segja: „*Mikilli óvissu væri eytt efrannsóknaniðurstöður lægju fyrir um niðurgönguferli seiða við sambærilegar aðstæður. Slikt tækifæri gæfist ef ráðist væri í Hvammsvirkjun. Þetta mundi einnig gefa mikilvægar upplýsingar um straumakerfi í lónunum og tengsla þess við atferli laxfiska*“. Af þessu má lesa að nota megi Hvammsvirkjun sem eins konar „prótótypu“ fyrir hvað gerist ef þessar virkjanir verða byggðar í Þjórsá og sjá er tímar líða hvort virkjunin muni valda skaða á laxastofninum. Þetta er ósvífin hugmynd. Land og náttúra í og við Þjórsá fyrir ofan Búða er meira virði en menn geti gert það að tilraunasvæði fyrir vatnsaflsvirkjanir. Jafnvel þó laxinn hafi nýlega numið land ofan Búða þá gefur það mönnum ekki völd til að gera hann að tilraunadýrum og réttlætir ekki þau groddalegur inngríp í lífríki Þjórsár sem Hvammsvirkjun mun valda, né að taka þá áhættu hvort mótvægisáðgerðir virki. Faghópruinn sýnir ekki fram á það að óvissu um áhrif mótvægisáðgerða hafi verið eytt. Jafnvel þó tækist að forða hrúni laxastofnsins með tæknilegum lausnum á líffræðilegum málum þá hangir miklu fleira á spýttunni, eins og margoft hefur verið bent á í ferli þessa máls og tíundað var í athugasemdum okkar við 2. áfanga rammaáætlunar. Má þar nefna:

- Eyðingu á gróðri vegna lóna, vega, náma og haugstæða.
- Röskun á búsvæðum fugla.
- Hættu á uppfoki úr þurrum árfarvegi Þjórsár, vanda sem mönnum hefur ekki tekist að leysa ennþá.
- Inngripi og verulegum breytingum á landslag.
- Árniður Þjórsár þar sem hún rennur nú sinn veg og er hluti af upplifun í náttúrunni. Hljóðin frá ánni hafa um aldir verið notaðu til að spá fyrir um veður og er því hluti af menningararfi okkar.

- Fallegri göngu- og reiðleið með ánni verður spillt.
- Áin er núna sauðfjárveikigirðing sem heldur.
- Umferð stórra vinnuvéla með tilheyrandi ófriði og ónæði sérstaklega á virkjunartíma er nánast óbærilegt að hugsa til og þeirrar slyshættu sem fylgir – í miðri sveit.

Nýjar víddir - önnur tækifæri

Hugmyndir um vikjanir í Þjórsá í byggð eru aldargamlar og börn síns tíma. Nú eru er tvær stórvirkjanir í heimasveit okkar (Búrfellsvirkjun og Sultartangavirkun) og önnur tækifæri blasa við í blómlegri sveit í nálægð við höfðuborgina.

Mikil tækifæri eru við Þjórsá fyrir fjölbreytta ferðaþjónustu. Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hefur ungt fólk sest að síðustu árin og hyggjast byggja upp lífsviðurværi sitt á ferðaþjónustu. Sveitin er falleg með fjölda útivistarmöguleika og Þjórsárdal við túnfótinn, þar sem er að finna einstaka sögu um samspil náttúru og mannlífs gegnum aldirnar. Enn hægt að heimsækja bústað Gauks á Stöng og fleiri fágætar fornminjar auk þess sem dalinn prýða náttúru djásn eins og Gjáin og Háifoss. Sveitarfélagið hefur lagt vinnu í að skipuleggja og byggja upp aðstöðu í dalnum fyrir fólk. Á afréttum ofan sveitarinnar eru hinir tignarlegu fossar Þjórsár sem of fáir hafa enn séð en gefa Gullfossi og Dettifossi ekkert eftir. Enginn vafi er á að ungt fólk í sveitinni kys frekar að nýta landið með sjálfbærri ferðaþjónustu á ýmsu tagi en sökkva því í lón.

Staðfest ógn vegna flóðahættu

Fólk við Þjórsá hefur haft áhyggjur af stíflurofi við lón og flóðahættu sem gætu átt sér stað vegna jarðskjálfa eða eldgosa og vitað er að miklar sprungur eru undir og við Þjórsá á umræddu svæði. Síðustu vikurnar hefur komið skirt í ljós að raunveruleg flóðahætta er á vantasviði Þjórsár, ef gýs í Bárðarbugnu og vatn brýtur sér leið niður á vatnasvæði Þjórsár og Tungnár þar sem nú þegar eru 6 vatnsaflsvirkjanir. Varla er á þá hættu bætandi með byggingu fleiri virkjana á sömu leið.

Niðurstaða

Hér er lagt til að Hvammsvirkjun verði tekin úr nýtingarflokki rammaáætlunar vegna þess að hún mun valda miklum og neikvæðum breytingum á landslagi við Þjórsá, skemma aðkomu að Þjórsárdal úr suðri, hún mun eyða gróðri og líkur á jarðvegsrofi við bakka lóns eru miklar, sem og uppfok úr þurrum árfarvegi. Áhrif á lífríki í Þjórsá eru fyrirséð. Mótvægisáðgerðir vegna laxfiska eru óreyndar við þessar aðstæður og því er laxastofni Þjórsár stefnt í voða. Upplifunar og tilfinningagildi Þjórsár og landslags við hana er virt af vettugi og áhrif Hvammsvirkjunar á fólk og samfélag hefur ekki verið skoðað. Nauðsynlegt er að líta á afleiðingar virkjunar í

heildarsamhengi en einblína ekki á einstakan þátt eins og gert er í þeirri tillögu sem hér er til umfjöllunar.

Önnur tækifæri eru til landnýtingar við Þjórsá sem ekki hafa jafn varanlegar og alvarlegar afleiðingar. Hér verður að hugsa til langrar framtíðar. Hvammsvirkjun er óafturkræf.

Í lokin minnum við á að umhverfismat fyrir virkjanir í neðri hluta Þjórsár er síðan árið 2003 og var það á margan hátt ófullnægjandi t.d. var lífríki, jarðvegur eða jarðfræði eyjanna í Þjórsá ekki rannsakað.

Ekki er ljóst fyrir hvað á að fórna þessu landi og lífríki.

Virðingarfyllst,

Sigprúður Jónsdóttir 170562-5859

Axel Árnason Njarðvík 020561-4919



Við minni Þverár. Svæði við Þjórsá sem færi í kaf vegna Hvammsvirkjunar. Brúargólfið yrði á eins meters dýpi.



Tvær myndir teknar neðan við Minna-Núp. Svæði þar sem farvegur Þjórsár yrði nánast þurr verði af Hvammsvirkjun.

